



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-01013/AIG-07**

Dags: **24. apríl 2013**

Staður: **Suðursveit**

Lýsing: **Riðstraumsrafall bilaði**

Þyrlan TF-GNA (Eurocopter AS332) var á flugi á leið að sækja sjúkling um borð í skip skammt undan suðausturlandi. Þegar þyrlan var um það bil að sleppa landi, í um 6000 feta hæð, heyrðist óvenjulegt hljóð og var eins og högg kom á þyrluna. Á sama tíma kviknaði "ALT 1" viðvörunarljós í mælaborði flugmanna þyrlunnar



og um 1-2 mínútum síðar kviknaði einnig "MGB chip" viðvörunarljós. Flugmenn þyrlunnar snéru henni umsvifarlaust í átt til strandar og stefndu á næsta hentulega landingarstað, sem var tún við sveitabæinn Kvísker í Suðursveit. Í aðfluginu að nauðlendingarstaðnum reyndu flugmenn þyrlunnar að endurræsa kerfin samkvæmt gátlistum, en án árangurs. Þyrlan lenti án vandkvæða, þar sem hún var skoðuð. Í kjölfarið var þyrlan flutt landleiðis á stórum vöruflutningabíl í skýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurlflugvelli til frekari skoðunar. Í ljós kom að riðstraumsrafall í hægri gírkassa hafði bilað.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. október 2013.